



ERINDISBRÉF  
ATVINNU- OG MENNINGARMÁLANEFNDAR

**I. Kafli**

**Umboð og hlutverk**

**1. grein**

Atvinnu- og menningarmálanefnd Rangárþings ytra er skipuð af sveitarstjórn Rangárþings ytra og heyrir undir sveitarstjórn. Nefndin er í umboði sveitastjórnar með málefni sem tengjast atvinnu- og menningarmálum eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

**2. grein**

Atvinnu og menningarmálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast að jafnaði við kosningar til sveitastjórnar nema sveitastjórn ákveði annað. Að jafnaði kýs sveitarstjórn formann nefndarinnar og á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns og ritara.

**3. grein**

Hlutverk nefndarinnar er að veita umsagnar eða gera tillögur um málefni atvinnu- og menningarmála og vera sveitastjórn ráðgefandi um þau mál. Styrkja atvinnu- og menningarlíf í Rangárþingi Ytra og fylgjast með þróun atvinnu- og menningarmála í sveitarfélaginu eins og kostur er og gera tillögur til úrbóta til sveitastjórnar auk beinna úrbóta sem nefndin annast sjálf á grundvelli ákvæða þessa erindisbréfs. Nefndin skal einnig koma að, í samstarfi við markaðs- og kynningarfulltrúa, undirbúningi hátíðarhalda á 17. Júní og Töðugjalda.

**4. grein**

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við staðfestingu sveitastjórnar.

**II. Kafli**

**Fundir og starfshættir**

**5. grein**

Formaður undirbýr og boðar fundi nefndarinnar í samráði við markaðs- og kynningarfulltrúa sem starfar með nefndinni. Hann situr fundi nefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

**6. grein**



## Erindisbréf nefnda Rangárbæings ytra – Kjörtímabilið 2014-2018

Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir en þó eigi sjaldnar en árlega. Skyld er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í atvinnu- og menningarmálanefnd óskar þess.

### 7. grein

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og sveitarstjóri, sem á seturétt á fundum nefndarinnar, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Boðað skal til funda með skriflegu fundarboði/tölvupósti og því skal að jafnaði fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar hálendisnefndar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

### 8. grein

Fundargerðir atvinnu- og menningarmálanefndar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Rangárbæings ytra til staðfestingar.

### 9. grein

Atvinnu- og menningarmálanefnd getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

### 10. grein

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskrá þær skv. sveitarstjórnarlögum. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundir eru haldnir og hvenær þeim er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir atvinnu- og menningarmálanefndar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

## III. Kafli

### Gildistaka

### 11. grein

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Rangárbæing ytra. **Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Rangárbæings ytra þann 9. desember 2015 og tekur þegar gildi.**